

# MÁLEFNASAMNINGUR

um meirihlutasamstarf Kex framboðs og Sjálfstæðisflokksins í Sveitarfélaginu Hornafirði fyrir kjörtímabilið 2022-2026.



## MEGINMARKMIÐ

Meginmarkmið þessarar bæjarstjórnar verður að styrkja innviði og efla grunnþjónustu sveitarfélagsins svo að það megi vaxa og dafna. Í störfum sínum ætlar bæjarstjórn að tryggja virkt upplýsingaflæði og samráð við íbúa sveitarfélagsins. Allar ákvarðanir skulu vera byggðar á staðreyndum, gögnum og skynsemi og ferlið skal vera gagnsætt og heiðarlegt. Umhverfis- og jafnréttismál skulu vera höfð að leiðarljósi í öllum ákvarðanatökum bæjarstjórnar. Bæjarstjórn vill byggja samfélagið upp með jákvæðu viðhorfi og ýta undir það blómlega samfélag sem hér er. Markmið bæjarstjórnar, eins og eru útlustuð hér að neðan, byggja á málefnskram listanna tveggja fyrir kosningarnar 2022.

## SKIPULAGSMÁL Í FORGANG

Fulltrúar D og K lista eru sammála um að

- Fara í gagngera endurskoðun Aðalskipulags sveitarfélagsins með fjölbreyttar þarfir og stækkun sveitarfélagsins í huga. Færa þarf veglínu í Örafum líkt og talað hefur verið um og færa þjóðveg í þéttbýli.
- Auka framboð af lóðum víðsvegar um sveitarfélagið, bæði íbúðar og atvinnu og hefja undirbúning og skipulag á reit ÍB5 á Höfn sem fyrst.
- Vinna að því að ljúka við fráveitu á Höfn og halda áfram með vinnu við að tengjast hreinsivirki.
- Fara í úrbætur á leikvöllum og útivistarsvæðum sveitarfélagsins.
- Setja umhverfisvæna samgöngumáta, gangandi og hjólandi í forgang í skipulagi sveitarfélagsins.
- Fara í úrbætur til að stuðla að auknu umferðaröryggi og bættum samgöngum í sveitarfélaginu öllu.
- Fara í þarfagreiningu og úttekt á húsnæði á vegum sveitarfélagsins.

## FJÖLBREYTT ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNDALÍF

Fulltrúar D og K lista eru sammála um að

- Fara í undirbúning og skipulagsvinnu varðandi nýtt íþróttahús á miðsvæði Hafnar í virku samráði við alla aðila.
- Stefna að hönnun og uppbyggingu á gervigrasvelli á Sindravelli.
- Fara í þarfagreiningu varðandi íþrótt- og tómstundamannvirki í dreifbýli.
- Fara í framtíðarstefnumótun fyrir frekari uppbyggingu íþróttamannvirkja.

# MÁLEFNASAMNINGUR

um meirihlutasamstarf Kex framboðs og Sjálfstæðisflokksins í Sveitarfélaginu Hornafirði fyrir kjörtímabilið 2022-2026.



## GRUNNSTOÐIR SAMFÉLAGSINS

Fulltrúar D og K lista eru sammála um að

- Bæta aðgengi í sveitarfélaginu.
- Tryggja að vinna við stækkun Skjólgarðs hefjist eins fljótt og auðið er.
- Huga strax að undirbúningi fyrir enn frekari fjölgun hjúkrunarrýma.
- Vinna heildstæða mannréttindastefnu fyrir sveitarfélagið.
- Halda áfram að styðja öfluga heimaþjónustu og leita leiða til að efla hana enn frekar.
- Halda áfram með uppbyggingaráætlanir við Sjónarhól.
- Vinna að framtíðaráætlun varðandi leikskólamál sveitarfélagsins til lengri tíma, með tilliti til starfsaðstæðna og fólksfjölgunar.
- Vinna að framtíðaráætlun varðandi húsnæði Grunnskóla Hornafjarðar.
- Stefna að því að öll börn fái leikskólavist við 12 mánaða aldur.
- Stefna að því að gera leikskólann gjaldfrjálсан á kjörtímabilinu.

## AÐGENGILEG STJÓRNSÝSLA

Fulltrúar D og K lista eru sammála um að

- Fara í endurbætur á heimasíðu sveitarfélagsins og bæta upplýsingaflæði og samtal við íbúa.
- Stefna á að koma á hverfisráði með fulltrúum frá Örafum, Suðursveit, Mýrum, Nesjum og Lóni og auka þannig upplýsingaflæði og samtal við íbúa dreifbýlisins.
- Bæta upplýsingaflæði til íbúa með annað móðurmál en íslensku, bæði með frekari þýðingum á efni og aðgengilegri heimasíðu.

## MENNING SKIPTIR OKKUR ÖLL MÁLI

Fulltrúar D og K lista eru sammála um að

- Efla Menningarmiðstöð Hornafjarðar og móta stefnu til framtíðar.
- Halda áfram með og klára endurbætur á Sindrabæ.
- Setja upp skipulag og samning við alla hlutaðeigandi um notkun á Mánagarði og vinna að áætlun um framtíð hússins og notkun þess.
- Leitað sé nýrra leiða til þess að koma sögu og menningararfi sveitarfélagsins á framfæri, hvort sem er með nýjum söfnum, sýningum eða öðru.

# MÁLEFNASAMNINGUR

um meirihlutasamstarf Kex framboðs og Sjálfstæðisflokksins í Sveitarfélaginu Hornafirði fyrir kjörtímabilið 2022-2026.



## BLÓMLEGT ATVINNULÍF

Fulltrúar D og K lista eru sammála um að:

- Tryggja fé til rannsókna og dýpkunar á grynslunum.
- Fara í nauðsynlegt viðhald og uppbyggingu á hafnarmannvirkjum með tilliti til umhverfissjónarmiða.
- Finna framtíðarlausn á skrifstofuaðstöðu, gestastofu og sýningu fyrir Vatnajökulspjóðgarð og framfylgja viljayfirlýsingu sem undirrituð var 22. febrúar 2022.
- Leita leiða til að auka framboð af aðstöðu til starfa án staðsetningar, t.d. með því að nýta það húsnæði sem sveitarfélagið á nú þegar.
- Nýta þau úrræði sem standa okkur til boða hvað varðar atvinnu með stuðningi og leggja áherslu á fjölbreyttari störf á vegum sveitarfélagsins með tilliti til margbreytileika samfélagsins.

## UMHVERFISMÁL ÁFRAM Í FORGRUNNI

Fulltrúar D og K lista eru sammála um að

- Fjölga fundum umhverfis- og skipulagsnefndar svo að hún megi ná betur utan um málaflokkinn.
- Hver einasta ákvörðun bæjarstjórnar taki mið af umhverfissjónarmiðum.
- Leggja mikla vinnu í vandað útboð varðandi sorpmál sveitarfélagsins.
- Huga að bættri sorppjónustu í dreifbýli.
- Efla alla fræðslu til íbúa og fyrirtækja varðandi loftslagsmál, umhverfisvernd og sorpflokkun.
- Stefna á kolefnishlutlaust sveitarfélag árið 2040 í takt við markmið ríkisins.

# MÁLEFNASAMNINGUR

um meirihlutasamstarf Kex framboðs og Sjálfstæðisflokksins í Sveitarfélaginu Hornafirði fyrir kjörtímabilið 2022-2026.



Undirritaðir bæjarfulltrúar munu, auk þeirra málefna sem nefnd voru hér að ofan, vinna að þeim málefnum sem þau settu á stefnuskrá flokkana og öllum öðrum málum sem er Sveitarfélaginu Hornafirði til framfara.

Við gerð fjárhagsáætlana ár hvert mun koma fram nánari útfærsla á þeim málefnum sem lögð verður áhersla á.

## VERKASKIPTING MEIRIHLUTANS

- Forseti bæjarstjórnar verður frá D-lista, 1. varaforseti bæjarstjórnar verður frá K-lista og 2. varaforseti bæjarstjórnar verður frá B-lista.
- Formaður bæjarráðs verður frá K-lista, varaformaður bæjarráðs verður frá D-lista

K-listi fer með formennsku og D-listi varaformennsku í eftirfarandi nefndum:

- Fræðslu- og tómstundanefnd
- Atvinnu- og menningarmálanefnd

D-listi fer með formennsku og K-listi varaformennsku í eftirfarandi nefndum:

- Hafnarstjórn
- Umhverfis- og skipulagsnefnd
- Velferðarnefnd

- Við ráðningu bæjarstjóra verður hæfi metið í samráði við ráðningarstofu.
- Umhverfis- og skipulagsnefnd mun funda tvisvar í mánuði til þess að anna betur málaflokknum.
- Framboðin leggja fram sameiginlegan lista til að jafna skiptingu framboðanna í ráðum og nefndum á vegum sveitarfélagsins.

# MÁLEFNASAMNINGUR

um meirihlutasamstarf Kex framboðs og  
Sjálfstæðisflokksins í Sveitarfélaginu Hornafirði  
fyrir kjörtímabilið 2022-2026.



## HÖFN Í HORNAFIRÐI, 29. MAÍ 2022

---

Gauti Árnason

---

Eyrún Fríða Árnadóttir

---

Hjördís Edda Olgeirsdóttir

---

Guðrún Stefanía Vopnfjörð Ingólfsdóttir

---

Skúli Ingólfsson

---

Elías Tjörvi Halldórsson

---

Björgvin Erlendsson

---

Sigríður Þórunn Þorvarðardóttir

---

Tinna Rut Sigurðardóttir

---

Þróstur Jóhannsson